

## **2. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018**

Fimmtudaginn 6. júlí 2017 var haldinn annar fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður og Viktoría Jensdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

### **1. Fundargerð fyrsta fundar stjórnar undirrituð.**

#### **2. Afgreiðsla mála á milli funda**

Tvö mál voru afgreidd í tölvupóstum á milli funda.

Viðurkenning dómararéttinda Viktoríu Jensdóttur sem hefur bætt við sig tveimur tegundum: Tíbet spaniel og Cavalier king charles spaniel.

Viðurkenning dómararéttinda Sóleyjar Höllu Möller sem hefur bætt við sig einni tegund: Labrador retriever.

Stjórn samþykkti beiðni FHD um að bæta við unghundaflökki á áður samþykktu sækiprófi 8.-9. júlí.

#### **3. Fræðslumál**

Guðný kynnti hugmyndir að stefnumótunarfundum sem hún og Guðbjörg hafa unnið að að undanfögnu. Áætlað er að hafa fundina í september eftir sýningu félagsins.

#### **4. Beiðni Smáhundadeildar um breytingar á reglugerð um skráningu í ættbók**

##### **Tíbet terrier**

Í dag eru engar heilsufarskröfur á Tíbet terrier, en sótt er um að setja kröfu um mjaðmamyndun, augnskoðun og DNA. Niðurstaða mjaðmamýnda verði að vera kunn fyrir þörun, augnvottorð megi ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun og niðurstöður DNA tests fyrir PRA (RCD4), PRA3 og PLL sé kunn fyrir þörun. Þá þurfi ekki að prófa afkvæmi séu foreldrar normal/clear og séu þau N/C by parentage. Vísindanefnd

fagnar vilja ræktenda til að setja heilsufarskröfur á tegundina og leggur til við stjórn að samþykkja tillöguna.

Stjórn samþykkir tillöguna.

### **Russian toy terrier**

Í dag eru engar heilsufarskröfur á Russian toy terrier en sótt er um að setja kröfu um augnskoðun og hnéskeljaskoðun. Augnvottorð megi ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun og að niðurstaða hnéskeljaskoðunar verði að vera kunn fyrir pörun.

Vísindanefnd fagnar vilja ræktenda til að setja heilsufarskröfur á tegundina og leggur til við stjórn að samþykkja tillöguna.

Stjórn samþykkir tillöguna.

## **5. Tillaga að viðbót við Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands: Bann við pörun tveggja harlequin hunda**

Vísindanefnd tekur undir tillögu Herdísar Hallmarsdóttur um bann við pörun tveggja harlequin-hunda.

Tillagan gengur út á að pörun tveggja harlequin hunda lúti sömu skilgreiningum og merle-liturinn hjá systurfélögum HRFÍ og að bannað væri hjá SKK að para saman tvo harlequin-hunda þar sem það getur valdið alvarlegum göllum, s.s. litagöllum, heyrnarleysi o.fl.

Vísindanefnd leggur til að þessi regla verði tekin upp hér á landi og bætt við Reglugerð um skráningu í ættbók, VI. Kafla, Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr.

Tillaga: *Bannað er að para saman tvo harlequin hunda og afkvæmi fást ekki skráð í ættbók.*

Stjórn samþykkir tillöguna.

## **6. Önnur mál**

**Beiðni stjórnar FHD um að gera félagsmönnum sem tóku þátt í fyrri hluta opins**

## **meginlandshundaprófs kleift að klára sækihluta þess prófs**

Stjórn tók erindið fyrir á fundi sínum og eftir umræður um framkvæmdina samþykkti stjórn að Dag Teien gæfi þeim sem sóttu fyrri hluta meginlandsprófsins tækifæri að taka sækihlutann.

Stjórn áréttar að FHD er að halda sækipróf og Dag Teien að dæma það próf. Það er brýnt að það fari fram eftir veiðiprófareglum sem gilda um slík próf hjá félaginu. Það þarf því að greina vel á milli þess prófs og svo sækihluta opna meginlandsprófsins.

## **Fundur Evrópuráðs FCI**

Fundur Evrópuráðs FCI verður haldinn í Kiev 28. ágúst 2017. Stuttu fyrir fundinn verða lagðar fram umfangsmiklar breytingar á reglum FCI, m.a. varðandi skiptingu svæða sem og takmarkanir og skilyrði sem lítil félög þurfa að uppfylla til að halda sýningar. Stjórn telur mikilvægt að senda fulltrúa á fundinn.

## **Erindi frá Cavalierdeild um breytingu á orðalagi í reglu um hjartavottorð**

**Hjartavottorð:** Undaneldisdýrin skulu vera án hjartamurrs og vottorðin tekin fyrir pörun. Vottorð hunda yngri en 5 ára gildir í 6 mánuði en vottorð tekin eftir 5 ára aldur gilda í 1 ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð tekið eftir 6 ára aldur, má nota áfram þó þeir greinist með murr síðar. Vottorð tekið eftir 7 ára aldur gildir ævilangt.

Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4 ára aldur fara í ræktunarbann. Til að vottorð sé gilt þarf að nota eyðublöð frá HRFÍ. Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun. Einungis eru tekin gild vottorð fagdýralækna sem hlotið hafa þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi.

Var áður:

Vottorð undaneldishunda yngri en 5 ára má ekki vera eldra en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án hjartamurrs. Vottorð eftir að 5 ára aldri er náð gildir í eitt ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð tekið eftir 6 ára aldur, má nota áfram þó þeir greinist með murr síðar. Vottorð tekið eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur fara í ræktunarbann. Til að vottorð sé gilt þarf að nota eyðublöð frá HRFÍ. Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun. Einungis eru tekin gild vottorð fagdýralækna sem hlotið hafa þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi.

Samþykkt.

### **Endurskoðun veiðiprófareglna fyrir tegundahóp 7 árið 2018**

Í ljósi þess að endurskoða á veiðiprófareglur fyrir tegundahóp 7 árið 2018 vill stjórn senda starfandi deildum í tegundahópi 7 ábendingu um að senda inn tilnefningu fulltrúa hvernar deildar í þessa vinnu þannig að endurskoðunarnefnd geti hafið störf sem fyrst. Í Veiðiprófapreglum segir eftirfarandi: „Heildarendurskoðun veiðiprófsreglna skal fara fram á 5 ára fresti að frumkvæði deilda í teg.h.7. Starfandi deildir í teg.h.7 skulu tilnefna 1 fulltrúa hver í endurskoðunarnefnd.“

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 20.00.